

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 50% frá lágsta einingaverði skammtaðra lyfjaforma“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþátttökuverði 38 kr. eða lægra.
2. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 180% frá lágsta einingaverði“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþátttökuverði 70 kr. eða lægra.
3. Í stað orðanna „ráðlögðum dagskammti“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: skilgreindum dagskammti (DDD), og í stað orðanna „dagskammta er víkja ekki meir en 290% frá ódýrasta dagskammti“ í sama máslíð kemur: dagskammta á greiðsluþátttökuverði 254 kr. eða lægra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

1. Í stað orðanna „víkja ekki meir en 20% frá lágsta einingaverði“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: innihalda skammtað lyfjaform á greiðsluþátttökuverði 52 kr. eða lægra, og í stað „50%“ í sama máslíð kemur: 26 kr. eða lægra.
2. Í stað orðanna „ráðlögðum dagskammti“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: skilgreindum dagskammti (DDD), og í stað orðanna „dagskammta er víkja ekki meir en 20% frá ódýrasta dagskammti“ í sama máslíð kemur: dagskammta á greiðsluþátttökuverði 46 kr. eða lægra.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir „S 01 X A 20“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: og í 100 stykkja pakkningum lausasölulyfja í ATC flokkum R 06 A X 13 og R 06 A E 07.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. október 2012.

Velferðarráðuneytinu, 4. september 2012.


Guðbjartur Hannesson.


Vilborg Inga Ólafsdóttir.